

Mál nr. 320/2018**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
váttryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Árekstur bifreiða í hringtorgi 30.7.2018.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið dags. 22. október 2018, ásamt fylgiskjöllum.

Tölvupóstur V2, dags. 16. nóvember 2018, ásamt fylgiskjali.

Bréf V1, dags. 6. nóvember 2018, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu, sem báðir aðilar undirrituðu, varð árekstur í hringtorgi á mótum Suðurlandsbrautar, Skeiðarvogar og Fákafens þann 30. júlí 2018. Samkvæmt teikningu á tilkynningunni varð áreksturinn þegar bifreið B var ekið út úr hringtorginu og um leið skipt um akrein í veg fyrir bifreið A, sem var á hægri akrein. Þetta er einnig staðfest í tilkynningunni með því að fyrir bifreið B er hakað í lið 10-Skipti um akrein og lið 12-Beygði til hægri.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að í ljósi þess hversu mikill ágreiningu virðist vera milli aðila um atvik málsins verði að leggja hina sameiginlegu tjónstilkynningu til grundvallar, enda hafi hún verið undirrituð af báðum aðilum. Á framhlið tilkynningarinnar kemur fram að báðir aðilar merkja við að hafa verið að aka á hringtorgi en til viðbótar er hjá ökumanni B merkt við að hann hafi skipt um akrein og beygt til hægri. Á grundvelli þessa verði að líta svo á að ökumaður B hafi ekki gætt að 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga og beri þar af leiðandi ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa skipt um akrein og lent utan í vinstra framhorni bifreiðar A.

Í tölvupósti V2 kemur fram að félagið taki undir sjónarmið ökumanns B og leggja skuli alla sök á ökumann A fyrir að gæta ekki nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs og aka á A. Verði ekki fallist á það telur félagið að skipta skuli sök til helminga.

Álit

Aðila greinir mjög á um atvik málsins, m.a. hvar áreksturinn varð og með hvaða hætti. Engin vitni eða önnur gögn staðfesta frásögn hvors aðila um sig og verður því ekki hjá því komist að byggja á framangreindri tjónstilkynningu, sem báðir aðilar undirrita. Til viðbótar við áður nefnda liði sem hakað er við vegna bifreiðar B, er hakað í lið 7-Ók á hringtorgi, fyrir bæði ökutæki en ekki er hakað í fleiri liði fyrir ökutæki A. Fram kemur á tilkynningunni að ökumaður A sé höfundur teikningar og er sú yfirlýsing undirrituð af ökumanni bifreiðar B. Umrædd yfirlýsing, um hver teiknaði afstöðumyndina, felur ekki annað í sér en að annar aðili málsins hafi teiknað myndina. Ekki er hægt að líta svo á að með þeirri yfirlýsingu sé ökumaður B að hafna myndinni. Verður því byggt á henni og þeim liðum sem hakað er við á tilkynningunni. Samkvæmt því skipti ökumaður B um akrein um leið og hann ók út úr hringtorginu og ók þar með á A. Ökumaður B gætti því ekki að 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga og ber þar af leiðandi ábyrgð árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Jón Magnússon lögm.